

REIKNINGUR

Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir árið 2016.

Rekstrarreikningur ársins 2016

	þús. kr.
Vaxtatekjur	
Vaxtatekjur	2.313.079
Verðbætur	4.526.712
Lántökugjöld á námslán	<u>137.499</u>
	<u>6.977.290</u>
Vaxtagjöld	
Vaxtagjöld	3.672.959
Verðbætur	2.031.163
Lántökugjöld tekinnna lána	<u>35.002</u>
	<u>5.739.123</u>
Hreinar vaxtatekjur (vaxtagjöld)	1.238.167
Aðrar rekstrartekjur	
Tilkynningargjald	71.261
Aðrar rekstrartekjur	<u>9.324</u>
	<u>80.585</u>
Önnur rekstrargjöld	
Laun og launatengd gjöld	268.349
Annar rekstrarkostnaður	218.984
Vaxtastyrkir til námsmanna	118.466
Afskriftir rekstrarfjármuna	<u>46.499</u>
	652.299
Framlag á afskriftarreikning útlána	<u>5.121.115</u>
	<u>5.773.414</u>
Halli án ríkisframlags	(4.454.662)
Framlag ríkissjóðs	<u>8.066.200</u>
Tekjuafgangur ársins	<u><u>3.611.538</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

Eignir

Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður

7.637.732

Útlán

Gjaldfallnar afborganir og vextir útlána, önnur skuldabréf

7.997.575

Námslán 1976-1982

190.290

Nr. 366/2017

Námslán 1982-1992	20.045.790
Námslán 1992-2005	22.466.893
Námslán frá 2005	180.480.568
Markaðskjaralán	<u>29.952</u>
	231.211.069
Afskriftarreikningur útlána	<u>(47.721.239)</u>
	<u>183.489.830</u>
Aðrar eignir	
Rekstrarfjármunir	147.977
Ríkissjóður vegna jöfnunarstyrkja	0
Ríkissjóður viðskiptareikningur	0
Aðrar kröfur	<u>23.334</u>
	<u>171.311</u>
Eignir alls	<u>191.298.873</u>
Skuldir og eigið fé	
Skuldir	
Langtímalán	
Skuldir í íslenskum krónum, verðtryggð lán	<u>97.704.669</u>
Aðrar skuldir	
Ríkissjóður viðskiptareikningur	1.902
Ríkissjóður vegna jöfnunarstyrkja	79.326
Áfallnir vextir	2.247.060
Lánardrottinn	<u>57.842</u>
	Skammtímaskuldir
	<u>2.386.130</u>
	Skuldir
	<u>100.090.799</u>
Eigið fé	91.208.074
Skuldir og eigið fé alls	<u>191.298.873</u>

Sjóðstreymi ársins 2016

Rekstrarhreyfingar

Tekjuafgangur (halli) ársins	3.611.538
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:	
Afskriftir rekstrarfjármuna	46.499
Verðbætur langtímalána	2.031.163
Verðbætur námslána	(4.515.153)
Framlag í afskriftarsjóð	<u>5.121.115</u>
	Veltufé frá rekstri
	<u>6.295.162</u>

Nr. 366/2017

Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(1.385.239)
Handbært fé frá rekstri	<u>4.909.923</u>

Fjárfestingahreyfingar

Veitt námslán	(11.457.688)
Afborganir námslána	9.734.809
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjárumunum	<u>(94.464)</u>
	(1.817.343)

Fjármögnunarhreyfingar

Tekin lán	7.000.000
Afborganir langtímalána	<u>(6.597.248)</u>
	402.752

Hækkun á handbæru fé 3.495.332

Handbært fé í ársbyrjun 4.142.400

Handbært fé í lok árs 7.637.732

Aðrar upplýsingar

Greiddir vextir af langtímaskuldum	3.547.997
Innborgaðir vextir af útlánnum	1.460.851
Innborgaðir vextir af bankainnstæðum	313.406

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur Lánasjóðs íslenskra námsmanna byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Starfsemin á árinu.

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður af rekstri sjóðsins um 3.612 millj. kr. á árinu 2016. Heildareignir námu 191.299 millj. kr. í árslok. Heildarskuldir námu 100.091 millj. kr. og bókfært eigið fé 91.208 millj. kr.

Ársverk hjá sjóðnum voru 29,17 á árinu 2016.

Núvirði útlána í árslok 2016 nemur 146.312 millj. kr. sem er 37.178 millj. kr. lægra en bókfært verðmæti útlána. Ítarlegri útskýringu á þessu má sjá í skýringu 18.

Áhættustýring.

LÍN notar umgjörð samhæfðrar áhættustýringar til að tryggja að áhættur séu skilgreindar og að þeim sé stjórnað á skipulegan hátt til að ná hæfilegri fullvissu um að yfirsýn og skilningur á áhættum í starfsemi LÍN sé til staðar á hverjum tíma á öllum sviðum í starfseminni. Í fyrstu útgáfu áhættustefnu sem stjórn LÍN samþykkti í október 2016 miðast umgjörðin við rekstraráhættur LÍN sem eru í reglubundinni vöktun yfir árið en aðrar helstu áhættur hafa verið skilgreindar og eru mældar að lágmarki árlega, sjá nánar í skýringu 17.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lánasjóðs íslenskra námsmanna staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Reykjavík, 31. mars 2017.

Stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna,

Hákon Stefánsson formaður.

Jan Hermann Erlingsson

Lee Ann Maginnis

Hjördís Jónsdóttir

Hildur Björgvinsdóttir

Katrín Helga Hallgrímsdóttir

Guðmundur Snæbjörnsson

Halldór Hallgrímsson Gröndal

Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir
framkvæmdastjóri.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna og mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir árið 2016, í umboði Ríkisendurskoðunar. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskiladæferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2016, efnahag hans 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur, og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda. Við erum óháð sjóðnum samkvæmt ákvæðum síðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðsins. Við uppfylfum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði síðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum félagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning félagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa sjóðinn upp eða hætta rekstri hans, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi sjóðsins. Stjórnendum sjóðsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álitum okkar. Nægjanleg vissu er mikil vísu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta

stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík, 31 mars 2017.

PricewaterhouseCoopers ehf.,

Arna G. Tryggvadóttir, löggiltur endurskoðandi.